



## Dagskrá Haustfundar SATS, FB og SAMGUS 2011

Haldinn á Hótel Sögu, Harvardsalur 2.

**Föstudagur 11. nóvember 2011.**

**08.45-09.00 Skráning.**

Smári Björnsson gjaldkeri SATS

**09.00-09.10 Fundarsetning.**

Erlendur Árni Hjálmarsson formaður SATS

Fundarstjórar: Birgir Haraldsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála Sandgerðisbæjar.

Kosning fundarritara:

**09.10- 09.40 Græna Orkan og vishæft eldsneyti á Íslandi.**

Fyrirlesturinn fjallar annars vegar um stefnu stjórnvalda og hugsanlegar aðgerðir stjórnvalda til að auka notkun á vishæfu eldsneyti og draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Hins vegar fjallar fyrirlesturinn um vishæfa samgöngustefnu og hvað sveitarfélög geta gert til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

**Fyrirlesari:** Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar Ný-Orku – og starfsmaður Grænu Orkunnar.

**09.40-10.10 Ástandsmat og viðhaldsáætlanir fasteigna.**

Fjallað verður um vélrænt skoðunarkerfi fyrir fasteignasafn og hvernig það nýtist við ástandsmat og gerð viðhaldsáætlana. Áherslur á forgangsröðun, hagræðingu, sveiflujöfnun og sparnað í rekstri fasteignasafna.

Lýst er áætlun um þróun viðhaldskostnaðar fasteigna í eignasafni á næstu þrjátíu árum.

Áætlunin byggir á líftíma byggingarefna og reynslu af þróun kostnaðarverðs yfir langt tímabil. Gert er ráð fyrir að eignum verði haldið þannig við að þær séu á hverjum tíma nýttar með hagkvæmasta hætti og fellur það saman við forsendur sem settar eru við mat á viðhaldsþörf. Gengið er út frá því að eignir standi ekki



auðar, viðhaldi sé ekki ábótavant og að viðgerðir og endurnýjun sé í samræmi við breytingar á hæfni fasteignanna til að þjóna hlutverki sínu.

**Fyrirlesari:** Ragnar Ómarsson byggingafræðingur á Almennu verkfræðistofunni

**10.10–10.30 Kaffihlé.**

**10.30 -11.00 Byggingarlög - Byggingarreglugerð.**

Byggingarfulltrúar kynna helstu breytingar í nýjum byggingarlögum og nýrri byggingarreglugerð.

**Fyrirlesari:** Magnús Sædal Svavarsson fyrrverandi byggingarfulltrúi Reykjavíkur.

**11.00 –11.30 Áhættumat sveitarfélaga.**

Kynnt verður vinna við samræmt áhættumat sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir er það hlutverk almannavarnanefnda að móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög þessi og vinna að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Einnig skulu almannavarnanefndir endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa framkvæmt áhættumat á sínu svæði undir verkstjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins til að uppfylla þetta lagaákvæði og ná utan um þær áhættur sem eru á svæðinu. Mikilvægt er fyrir öll sveitarfélög að framkvæma slíkt mat og ná að vinna í samræmi við hugmyndafræði áhættustjórnunar til hagsbóta fyrir íbúa og umhverfið.

**Fyrirlesari:** Jón Viðar Mattíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins

**13.00 -12.00 Skógarkerfill og Lúpína, töpuð barátta í Hrísey?**

Kynning á útbreiðslu, afleiðingum og aðgerðum gegn þessum ágengu plöntum í Hrísey.

Skógarkerfill og Lúpína herja nú á gróðurfar flestra sveitarfélaga landsins. Á undanförunum árum hefur Skógarkerfill víða tekið að vaxa í Lúpínubreiðum en þar eru góð vaxtarskilyrði fyrir hann vegna mikils köfnunarefnis sem Lúpínan hefur unnið úr lofti og skilað til jarðvegsins. Skógarkerfillinn er hávaxnari en Lúpínan og virðist eiga gott með að ná yfirhöndinni í samkeppni við hana. Lúpínan er þó víða hörð í samkeppni við annan gróður. Það sem ef til vill ríður baggamuninn er að



kerfillinn er skuggapolinn og getur vaxið upp af fræi inni í þéttri Lúpínubreiðu. Lúpína þrífst hins vegar illa í skugga.

**Fyrirlesari:** Jón Birgir Gunnlaugsson formaður SAMGUS, forstöðumaður umhverfismála/Framkvæmdamiðstöðvar Akureyrarkaupstaðar.

### **12.00- 13.00 Hádegisverður í Skróði.**

#### **13.00- 13.30 Jarðskjálftalíkan.**

Viðlagatrygging Íslands mun kynna nýtt áhættumat vegna jarðskjálftaáættu á Íslandi.

Tjónamat vegna Suðurlandsskjálftans 29. maí 2008 var flokkað og skráð í gagnagrunn samhliða matsstörfum. Í framhaldi var unnin tjónnæmisgreining á gögnunum, þar sem 19 flokkar húsa voru skilgreindir m.t.t. skemmda af völdum mismunandi jarðskjálftaálags.

Í kjölfarið var unnið sérstakt reiknilíkan þar sem hægt er að reikna heildartjón á byggingum út frá staðsetningu og stærð ákveðins jarðskjálfta hvar sem er á Íslandi.

Reiknilíkanið nýtist Viðlagatryggingu til að áætla mögulegar afleiðingar tiltekins jarðskjálfta. Einnig mun líkanið nýtast Almannavörnum til sviðssetningar atburða við skoðun á viðbótarþörfum hjálparveita í mögulegum hamförum. Verkefnið verður kynnt og reiknilíkanið útskýrt.

**Fyrirlesari:** Ari Guðmundsson, byggingaverkfræðingur frá Verkís á Selfossi

#### **13.30-14.0 Skyldutryggingu sveitarfélaga á öðrum eignum en brunatryggðum fasteignum.**

Kynnt verða lagaákvæði varðandi skyldutryggingu ríkis og sveitarfélaga á mannvirkjum í samræmi við lög nr. 55/1992.

Einnig verður fjallað um skráningu þessara mannvirkja hjá Viðlagatryggingu Íslands og samstarf við sveitarfélög í því sambandi.

Helstu mannvirki sem löggin ná yfir eru m.a.

- Hita, vatns- og skólþveitur
- Hafnarmannvirki
- Raforkumannvirki
- Skíðalyftur
- Síma- og fjarskiptamannvirki
- Brýr sem eru lengri en 50 metrar.
- 

**Fyrirlesari:** Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri VÍ.



**14.00-14.30 Endurskoðun reglugerðar nr. 942/2002- um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.**

Fulltrúar umhverfisráðuneytisins gera grein fyrir tillögum ráðuneytisins að endurskoðun reglugerðar um öryggi leikvalla og leiksvæða í framhaldi af fundum ráðuneytisins með hagsmunaaðilum þ.m.t. SATS.

**Fyrirlesari:** Sigurbjörg Sæmundsdóttir sérfræðingur í Umhverfisráðuneytinu.

**14.30-15.00 Nýr Landspítali-Háskólasjúkrahús.**

Kynnt verður verkefnið, Nýr Landspítali-Háskólasjúkrahús, undirbúningur, skipulag, forhönnun, staða og næstu skref.

**Fyrirlesarar:** Gunnar Svavarsson, verkfræðingur, formaður byggingarnefndar NLSH og Helgi Már Halldórsson, arkitekt, hönnunarstjóri Spítala-hópsins.

**15.00-15.15 Fyrirtækjakynning**

Páll Kristjánsson framkvæmdastjóri Vatnsvirkjans kynnir starfsemi fyrirtækisins.

**15.15 – 17.30 Skoðunarferð:**

Farið verður í skoðunarferð í Steypustöðina.

**19.30-20.00 Fordrykkur í Sunnusal Hótel Sögu í boði Vatnsvirkjans.**

**20:00 - Sameiginlegur hátíðarkvöldverður að hætti SATS og FB í Sunnusal Hótel Sögu.**

Ræðumaður kvöldsins verður Ásmundur Friðriksson bæjarstjóri sveitarfélagsins Garður.

Boðið verður upp á skemmtidagskrá undir borðhaldi að hætti SATS og FB.



**Skráningarfrestur er til 2. nóvember 2011**

**Páttaka tilkynnist til:**

Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri byggingadeildar  
Reykjavíkurborg, Framkvæmdasvið  
Skrifstofa gatna- og eignaumsýslu.  
Borgartúni 12 - 14 105 Rvk.  
[agnar.gudlaugsson@reykjavik.is](mailto:agnar.gudlaugsson@reykjavik.is)  
sími 4118221/ 6937500

Það er von stjórnar SATS - FB og SAMGUS að allir finni eitthvað við sitt hæfi á fundinum og skrái sig.

Þáttökugjald: fundur, kaffi hádegismatur, ferðir **kr. 8.500,-**

Þáttökugjald: fundur, kaffi hádegismatur, kvöldverður, ferðir,  
**án maka kr. 18.500.-**

Þáttökugjald: fundur, kaffi hádegismatur, kvöldverður ferðir,  
**með maka kr. 28.500.-**